

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um stoðþjónustu.

Í svarinu er miðað við þá stoðþjónustu sem Fjársýsla ríkisins tilgreinir á vefsíðu sinni; bókhald, uppgjör, innheimtu- og greiðslustýringu, launaafgreiðslu og ráðgjöf á sviði mannauðsmála.

1. Hversu margir starfsmenn á vegum ráðuneytisins starfa við stoðþjónustu? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneyti, undirstofnunum þess og starfseiningum.

Stofnun	Stöðugildi	Fjöldi
Heilbrigðisráðuneyti	3	3
Sjúkratryggingar Íslands	5,53	6
Landlæknir	2	2
Lyfjastofnun		
Geislavarnir ríkisins	1	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	12,65	13
Landspítali	47,7	52
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	18,3	19
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4,45	6
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	2,9	3
Heilbrigðisstofnun Norðurlands		
Heilbrigðisstofnun Austurlands	4	4
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	6,7	8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	6	6
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1,5	2

2. Að hve miklu leyti nýta viðkomandi einingar sér stoðþjónustu Fjársýslu ríkisins?

Fjársýsla ríkisins sér um launagreiðslur fyrir ríkisstofnanir. Önnur þjónusta sem stofnanir nýta hjá Fjársýslunni er sem hér segir:

Stofnun	Þjónusta hjá FJS
Heilbrigðisráðuneyti	Stoðþjónusta á sviði bókhalds, launa- og kjaramála
Sjúkratryggingar Íslands	Upplýsinga leitað eftir þörfum vegna bókhalds, kjaramála og mannauðsmála
Landlæknir	Bókhalds- og launaþjónusta
Lyfjastofnun	
Geislavarnir ríkisins	Bókhald, uppgjör, innheimta, greiðslustýring, launaafgreiðsla, ráðgjöf á sviði mannauðsmála
Sjúkrahúsið á Akureyri	Uppgjör og eignakerfi

Stofnun	Þjónusta hjá FJS
Landspítali	Leiðbeiningar og fræðsla til að tryggja samræmd vinnubrögð milli ríkisstofnana.
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Greiðsluþjónusta
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Ráðgjöf á sviði mannauðsmála
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Greiðsluþjónusta
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Þjónusta vegna bókhalds, greiðslu- og fjárstýringar
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	HTÍ er í viðræðum við FJS um frekari þjónustu

Svör bárust ekki frá Lyfjastofnun og Heilbrigðisstofnun Norðurlands þrátt fyrir ítrekanir.